

Haldið á Ísafirði 12. apríl 2023

Greinargerð með endurskoðaðri fjárhagsáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2023.**Rekstartekjur.**

Heildarrekstrartekjur er alls áætlaðar 270,2 mkr sem er hækkun um 28,5 mkr frá fjárhagsáætlun 2023.

Framlög Ríkissjóðs

Framlög ríkissjóðs hækka miðað við fjárhagsáætlun 2023 um 62,8 mkr.

Fjórðungssamband sækir árlega um um verkefnaframlag úr C1 verkefni Byggðaáætlunar *Sértæk verkefni sóknaráætlunarsvæða*. Á grundvelli umsókna á árinu 2023 fengust úthlutaðar 43,6 mkr til þriggja verkefna á Vestfjörðum og er þeim ráðstafað innan sama árs.

Eins er hér reiknað með 10 mkr framlagi frá Umhverfis-, orku og loftlagsráðuneyti um verkefni um aðgerðir í loftlagsmálum.

Framlag til sóknaráætlunar hækkaði við afgreiðslu fjárlaga 2023 og verður 9,2 mkr hærra en reiknað var með í fjárhagsáætlun 2023.

Framlag 3,5 mkr vegna C9 aðgerðar Byggðaætlunar til Breiðafjarðarverkefnis er óbreytt frá fyrri áætlun.

- **Framlög Jöfnunarsjóðs.**

Framlagið skiptist upp í tvo hluta. Annars vegar fá landshlutasamtök sveitarfélaga samkvæmt reglugerð um Jöfnunarsjóð, hlutdeild af almennum tekjum sjóðsins. Áður áætlað framlag hækkar um 7 mkr og mun nema 45,4 mkr á árinu.

Hinsvegar hefur Jöfnunarsjóður á undanförunum árum veitt framlagi til FV vegna reksturs áætlana í umsjón FV s.s. sóknaráætlunar, framlagið er áætlað óbreytt frá fjárhagsáætlun 2023 eða sem nemur 6,2 mkr.

- **Framlag Byggðastofnunar.**

Samkvæmt niðurstöðu viðræðna FV og Byggðastofnunar, um nýjan samning um atvinnu og byggðapróun á starfsvæði FV er ákveðið að Vestfjarðastofa taki yfir samninginn og því fellur framlag Byggðastofnun í heild sinni niður í endurskoðaðri áætlun. Nýr samningur gildir til næstu fimm ára, framlag ársins til Vestfjarðastofu fyrir árið 2023 nemur 41,3 mkr.

- **Framlög sveitarfélaga**

Samkvæmt samþykktum Fjórðungssambands þá er árstíllag sveitarfélaga ákveðið á Fjórðungsþingi að hausti, reiknast það sem framlag á hvern íbúa sveitarfélags miðað við 1. janúar ár hvert. Samþykkt framlag (árstíllag) fyrir árið 2023 nemur 41,5 mkr.

Haldið á Ísafirði 12. apríl 2023

Framlagið skiptist á rekstrardeildir;

- Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals **12,3 mkr.** Framlagið er tvískipt, **7,3 mkr** sem er mótframlag sveitarfélaga á móti samningi við Byggðastofnun um atvinnu og byggðaðpróun. Síðan **5 mkr**, framlag til reksturs Umhverfissvottunar sveitarfélaga Earth Check
- Rekstur skrifstofu, samtals **29,2 mkr.** Skiptist í árstíllag sveitarfélaga til markaðsmála, **7,7 mkr**, hér er um að ræða mótframlag á móti samningi Vestfjarðastofu við mótframlag á móti framlögum Ferðamálastofu vegna Áfangastofu. Árstíllag **9,9 mkr** hér er um að ræða framlag til starfsemi á sviði menningarmála, sú starfsemi er skilgreind sem áhersluverkefni í samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 og að lokum árstíllag til rekstur skrifstofu, **11,6 mkr**, hér er um að ræða framlag til reksturs skrifstofu FV.

Aðrar tekjur.

Aðrar tekjur 10 mkr eru framlög vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Ónotaðir styrkir til næsta árs.

Ekki er reiknað með að ónotaðir styrkir safnist upp á árinu 2023.

Vextir

Vegna hækkunar vaxta á innlánsreikningum eru áætlaðir vextir að frádregnum fjármagnstekjuskatti áætlaðir 800 þkr sem er 600 þkr hækkun frá fjárhagsáætlun 2023.

Rekstargjöld

Rekstrargjöld eru alls áætluð um 265,8 mkr og hækka um 31,4 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022 mestmegnis vegna aukin verkefnafjármagns sem greitt er óskert til verkefna Vestfjarðastofu og aðila sem framkvæma verkefni með stuðningi af C1 aðgerð Byggðaáætlunar.

Lífeyrisskuldbinding. Áætlaðar greiðslur vegna lífeyrisskuldbindinga FV nemi um 200 þkr og hækka um 30 þkr frá fjárhagsáætlun 2023 með tilliti til launapróunar.

Framlag til Vestfjarðastofu. Alls áætlað 94,7 mkr og lækkar það um 39,3 mkr og er ráðstafað samkvæmt rekstrarsamningi FV og Vestfjarðastofu skiptist á eftirfarandi deildir,

- Byggðaðpróun og atvinnu og nýsköpunarmál, samtals 12,3 mkr. Óbreytt tillaga frá fjárhagsáætlun 2023 að 7,3 mkr renni til að vinna að verkefnum um atvinnu og byggðaðpróun, Óbreytt tillaga um 5 mkr framlag vegna umsjónar með umhverfissvottun sveitarfélaga. Undir þessum fjárhagslið var samningur FV og Byggðastofnunar um atvinnu og byggðaðpróun sem Vestfjarðastofa hefur nú tekið yfir.
- Sóknaráætlun. Óbreytt tillaga frá fjárhagsáætlun 2023, framlag til reksturs Sóknaráætlunar Vestfjarða (11 mkr) og sértæk verkefni Byggðaáætlunar (6,2 mkr) alls 17,2 mkr.

Haldið á Ísafirði 12. apríl 2023

- Rekstur skrifstofu FV. Alls 65,2 mkr hér er tillaga um hækkun um 3 mkr. Röksemd; að koma til móts við hækkunar á verðlag reksturs skrifstofu FV, framkvæmdastjórn, stjórn FV, nefndir FV, sérfræðivinna/hagsmunagæsla, húsnæði og tæki. Fjármögnun kemur af hækkun áætlaðs framlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélagi fyrir árið 2023, framlagið nemi alls 36 mkr. Framlag sveitarfélag verði óbreytt 11,6 mkr. Óbreytt framlag til markaðsmála 7,7 mkr að vinna að verkefnum á sviði markaðsmála ferðaþjónustu / Áfangastofu Vestfjarða. Óbreytt framlag menningarmála. tillaga um 9,9 mkr til að vinna að menningarstarfi sem áhersluverkefni samkvæmt samningi um Sóknaráætlun Vestfjarðar 2020-2024.

Áhersluverkefni. Alls um 39,6 mkr, hér er hækkun framlaga til áhersluverkefna Sóknaráætlunar um 9,6 mkr frá fjárhagsáætlun 2023. Af þessum 39,6 mkr hefur þegar verið ráðstafað á árinu 2023 samkvæmt tillögum stjórnar FV eða 37,5 mkr til alls 6 verkefna. Verkefnisins Bláma 7,5 mkr, Ímynd, uppbygging og fjárfestingar 10 mkr, Markaðsetning ferðaþjónustu 10 mkr, Ungmennalýðræði 2 mkr, Úrgangsmál og hringráðsarhagkerfi 5 mkr Menntastefna - eftirfylgni 3 mkr. Fjallað er um áhersluverkefni í skýrslu til Fjórðungsþings um starfsemi Sóknaráætlunar Vestfjarða.

Stjórn FV fjallar síðar á árinu um ráðstöfun 2,1 mkr til áhersluverkefna Sóknaráætlunar.

Greiddir styrkir. Óbreytt frá fjárhagsáætlun tæpar 54,2 mkr í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2023.

Aðkeyptir verktakar/þjónusta.

Hækkun um 6,5 mkr frá fjárhagsáætlun

Óbreytt frá fjárhagsáætlun 2,5 mkr vegna vinnu að C9 verkefni Byggðaáætlunar, *Náttúruvernd og efling ferðaþjónustu - Breiðafjarðarverkefni.*

Tillaga um framlag til úttekta á fjarskipta-, gagna og útvarpssambandi á Vestfjörðum og ráðgjöf til stofnana og sveitarfélaga um úrbætur á þjónustu alls 1,5 mkr.

Tillaga um framlag til Orkuþings Vestfjarða og til útgáfu á Innviðaáætlun Vestfjarða, alls 1 mkr

Tillaga um fjármögnun undirbúnings svæðisskipulags fyrir Vestfirði. Framlag 4 mkr verði ráðstafað til svæðisskipulagsverkefnis, sem sveitarfélög á Vestfjörðum hafa svarað jákvætt að verði farið í, (með fyrirvara um endanlega tillögu), en sáu sér ekki fært að fjármagna á árinu 2023. Nýtt er hækkun framlag á áætluðu framlagi Jöfnunarsjóðs 4 mkr.

Haldið á Ísafirði 12. apríl 2023

Aðkeypt sérfræðipjónusta aðgerðir Byggðaáætlunar

Samningar við aðila um framkvæmd aðgerða samkvæmt samþykktum verkefnaumsóknum FV í aðgerð C1 Byggðaáætlunar, alls 43.6 mkr.

Samningar við aðila um framkvæmd viðaukasamnings Sóknaráætlunar við Umhverfis, orku og loftlagsráðuneyti, alls 10 mkr.

Annar skrifstofukostnaður. Breytt tillaga frá fjárhagsáætlun 2023, hækkun um 1 mkr vegna annarra útgjalda til uppgjörsvinnu og aðra aðkeypta ráðgjöf.

Önnur gjöld. 10 mkr, Önnur gjöld 10 mkr, eru útgjöld vegna verkefnatengdra verkefna í samstarfi við Vestfjarðastofu.

Rekstarniðurstaða.

Rekstarniðurstaða lækkar um 2,9 mkr en er jákvæð um 4.450 þkr. Sem skýrist af leiðrétt er í einu lagi umfram framlag til Uppbyggingarsjóðs sem fór til styrkúthlutunar á árinu 2022, alls 4.450 þkr. Rekstrarútgjöld verði jöfn rekstartekjum.

Annað.

Í tillögu fjárhagsnefndar að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2022, er framsetningu breytt með sameiningu deilda enda hefur fækkað tekju og gjaldaliðum innan einstakra deilda. Árstíllag sveitafélag verði skoðað sem ein heild en ekki brotið upp á einstaka verkefnabætti og þannig gefið aukið færi að ræða áherslur sveitarstjórna um ráðstöfun árstíllags.

Við undirbúning endurskoðun fjárhagsáætlunar fyrir árið 2023 er ekki gengið lengra með breyttri framsetning fjárhagsáætlunar, en efni tillögu Fjárhagsnefndar verði vísað til nýrrar stjórnar.